

Nr. 156 / 10 Oddeyrin EA 210***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2750
Smíðaður: Figureas Castrop Spáni 2000 stál
Stærð: 736,2 brl. 1356,9 bt.
Mesta lengd: 54,4 m Skráð lengd: 47,52 m
Breidd: 12,2 m Dýpt: 7,7 m
Vél: M.A.K. 2880 kW 1999
Fjöldi skipverja: 19



Oddeyrin ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. október 2010 var Oddeyrin EA 210 á togveiðum djúpt vestur af Breiðafirði..
Veður: NA 13-18 m/s.

Skipverji var að gera við kassabindivél á milliþilfari þegar hann klemmdi sig á þumalfingri hægri handar inn í vélinni.

Við rannsókn kom fram:

- að vélin er rafdrifin og var kveikt á henni á meðan á bilanaleit stóð yfir;
- að sögn skipverja taldi hann þetta vera klaufaskap í sér að vera með höndina á röngum stað í vélinni þegar hann setti hana í gang;
- að skipverji sagði það algjörlega nauðsynlegt að láta vélina starfa á meðan á bilanaleit standi.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að slasaði var með hendi inn í vélinni þegar hann gangsetti hana við bilanaleit.